

VMST-N/0216


**Rannsóknir á seiðastofnum í  
Fremri Laxá í Húnaþingi árið 2002**

**Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson**

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Bókasafn

Hólum

desember 2002



**Veiðimálastofnun**  
Institute of Freshwater Fisheries

## **Inngangur og aðferðir**

Athugun á seiðastofnum Fremri Laxár var gerð í september 2002. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða sem og afkomu þeirra og vöxt í ánni. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna Fremri Laxár.

Vöxtur, þéttleiki og árgangastyrkleiki seiðastofna Fremri Laxár var kannaður með rafveiðum í september 2002. Rafveitt var á þremur stöðum í ánni, þeim sömu og undanfarin ár. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 448 – 630 m<sup>2</sup>. Stærð rafveiðistaða var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafli.

Öll seiði sem voru veidd voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$  (töflur 1 og 2).

## **Niðurstöður rafveiða**

Efsti staður sem veitt var á í Fremri Laxá var rétt fyrir neðan stíflu við Svínavatn (mynd 1). Þar veiddust nú tveir árgangar laxaseiða, eins- og tveggja ára en þéttleiki þeirra var ekki mjög mikill (tafla 1, mynd 2). Síðustu ár hafa veiðst á þessum stað einn eða enginn árgangur laxaseiða (Bjarni Jónsson, VMST-N/00003, VMST-N/01003, Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0208). Vorgömul og eins árs

urriðaseiði fundust einnig á þessum stað eins og sumarið 2001 en ekki í mjög miklum þéttleika (tafla 2, mynd 3). Engin bleikjuseiði veiddust í Fremri Laxá.

Staður 2b í Fremri Laxá er um 500m fyrir ofan brú, í beygju í ánni (mynd 1), og var veitt á honum í fjórða skipti sumarið 2002. Þar veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul, eins-, tveggja- og þriggja ára seiði. Mest var af vor- og árgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2) en þó ekki eins mikið af þeim vorgömlu og sumarið áður (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0208). Þau ár sem rafveitt hefur verið á þessum stað hafa alltaf veiðst fjórir árgangar laxaseiða. Þrír árgangar urriðaseiða veiddust einnig, vorgömul seiði í nokkrum þéttleika og eins- og þriggja ára seiði í minni þéttleika (tafla 2, mynd 3). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mjög mikill á þessum stað sumarið 2001 (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0208).

Neðsti staðurinn sem veitt var á í Fremri Laxá var staður 3 (mynd 1) þar fannst aðeins vottur af tveggja- og þriggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 2). Sömu árgangar fundust þarna sumarið 2001, þá eins- og tveggja ára. Urriðaseiðin á þessum stað voru þó mun fleiri, talsverður þéttleiki fannst af vorgömlum urriðaseiðum og nokkuð af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 3).

## **Veiðin 2002**

Veiðin var nokkuð betri sumarið 2002 en sumarið 2001 í Fremri Laxá, meira veiddist af löxum og urriðum en minna fór þó fyrir bleikjuveiði 2002 en oft áður (töflur 3 og 4). Af löxunum 25 sem veiddust voru 20 smálaxar, laxar sem hafa verið 1 ár í sjó áður en þeir ganga aftur í árnar, en 5 voru stórlaxar sem voru 2 eða fleiri ár í sjó. Hrygnur voru mun fleiri en hængarnir en ekki voru allir laxarnir kyngreindir (tafla 3). Laxarnir veiddust allir í ágúst og september (mynd 4) og þeir sem vigtaðir voru reyndust ver 2-5 kg, flestir 2,5-3kg (myndir 5 og 6).

Alls veiddust 3666 urriðar í Fremri Laxá sumarið 2002, 288 fleiri en 2001. Urriðarnir voru veiddir frá lok maí til miðs september en flestir komu á land í júní og júlí (mynd 4). Mestur hluti urriðanna var 0,5 kg en sá þyngsti var um 5 kg (mynd 5).

## Umræða

Laxaseiði virtust nokkuð vel útbreidd í Fremri Laxá og veiddust þau á öllum rafveiðistöðum árið 2002. Þéttleiki laxaseiðanna var nokkuð misjafn eftir stöðvum en mestur var hann á stað 2b. Sá árgangur sem mest var af á stöð 2b voru vorgömul seiði en þó var ekki eins mikið af þeim þar og árið 2001. Aðeins veiddust vorgömul seiði á þessum eina stað í Fremri Laxá en það tekur þau oft nokkurn tíma að dreifa sér um árnar og koma því ekki alltaf fram í rafveiðum fyrsta sumarið. Þetta var fjórða árið í röð sem veitt var á stað 2b en fyrir þann tíma var þessi kafli árinna ekki talinn fósra mikið af seiðum.

Nokkuð meiri þéttleiki laxaseiða var á efstu stöðinni, fyrir neðan Svínavatn, en oft áður og gefur það til kynna að aðstæður þar hafi skánað, rennsli hafi verið nægjanlegt til uppeldis seiða. Ekki er þó víst að rennslið hafi verið nóg til hrygningar og klaks undanfarin ár því seiðin sem þarna fundust gætu hafa gengið upp á þetta svæði af hrygningarsvæðum neðar í ánni.

Athygli vekur hve lítið fannst af laxaseiðum á neðstu stöðinni sem veitt var á. Sumrin 1999 og 2000 virtist hrygning hafa verið nokkuð góð á þessum stað og seiðabúskapur vor- og árgamalla laxaseiða þokkalegur. Sumarið 2001 veiddust aðeins eins- og tveggja ára seiði á þessum stað og nú sumarið 2002 aðeins vottur af tveggja og þriggja ára seiðum sem eru sömu árgangar og voru góðir 1999 og 2000. Ekki virðist hafa verið nein nýliðun þarna síðustu tvö ár þó vonandi eigi eftir að koma fram seiði úr hrygningu 2001.

Útbreiðsla urriða virðist einnig vera nokkuð góð, að minnsta kosti tveir árgangar veiddust á öllum stöðvum og í nokkrum þéttleika. Á efsta hluta árinna virðist þéttleiki urriðaseiða standa nokkuð í stað milli ára og þó að þéttleiki seiða neðar í ánni sé ekki eins mikill og sumarið 2001 er ástandið þar sæmilegt, mun betra en 1999 og 2000.

Ástand urriðastofna Fremri Laxár er nokkuð gott þessi árin og var veiði sumarsins 2002 vel yfir meðalveiði árána 1987-2001 (Guðni Guðbergsson, VMST-R/0207). Fremri Laxá er góð urriðaveiðiá og þarf ekki síður að huga vel að og fylgjast með urriðastofnum hennar en laxastofnum.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fremri Laxá í september 2002.

| Staður nr. | Stærð<br>svæðis | Aldur |      |      |      |
|------------|-----------------|-------|------|------|------|
|            |                 | 0+    | 1+   | 2+   | 3+   |
| Staður 1   | 32x14m          |       | 0,89 | 0,22 |      |
| Staður 2b  | 14x33m          | 2,16  | 1,08 | 0,65 | 0,43 |
| Staður 3   | 18x35m          |       |      | 0,63 | 0,16 |

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fremri Laxá í september 2002.

| Staður nr. | Stærð<br>svæðis | Aldur |      |    |      |
|------------|-----------------|-------|------|----|------|
|            |                 | 0+    | 1+   | 2+ | 3+   |
| Staður 1   | 32x14m          | 0,67  | 0,67 |    |      |
| Staður 2b  | 14x33m          | 4,98  | 1,30 |    | 0,22 |
| Staður 3   | 18x35m          | 7,46  | 1,59 |    |      |

**Tafla 3:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Fremri Laxá sumarið 2002.

|        | Hængar | Hrygnur | Ókyngreint | Samtals |
|--------|--------|---------|------------|---------|
| Veiði  | 7      | 13      | 5          | 25      |
| Sleppt | 0      | 0       | 0          | 0       |
| Afli   | 7      | 13      | 5          | 25      |

**Tafla 4:** Fjöldi veiddra og slepptra urriða og bleikju í Fremri Laxá 2002




|        | Bleikja | Urriði |
|--------|---------|--------|
| Veiði  | 23      | 3666   |
| Sleppt | 7       | 434    |
| Afli   | 16      | 3232   |

**Tafla 5:** Laxveiðin í Fremri Laxá 2002. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

| Ár í sjó | Hængar |         |      | Hrygnur |         |      | Ókyngreint |         |      | Samtals |         |      |
|----------|--------|---------|------|---------|---------|------|------------|---------|------|---------|---------|------|
|          | Fjöldi | Meðalþ. | %    | Fjöldi  | Meðalþ. | %    | Fjöldi     | Meðalþ. | %    | Fjöldi  | Meðalþ. | %    |
| 1        | 4      | 2,9     | 20,0 | 12      | 2,7     | 60,0 | 4          | 2,5     | 20,0 | 20      | 2,7     | 80,0 |
| 2        | 3      | 4,2     | 60,0 | 1       | 5,0     | 20,0 | 1          | 3,5     | 20,0 | 5       | 4,2     | 20,0 |
| Óvíst    | 0      |         | 0,0  | 0       |         | 0,0  | 0          |         | 0,0  | 0       |         | 0,0  |
| Alls     | 7      | 3,5     | 28,0 | 13      | 2,9     | 52,0 | 5          | 2,7     | 20,0 | 25      | 3       |      |






Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.




**Mynd 2:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fremri Laxá í september 2002.









Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Fremri Laxá í ágúst 2001.



Mynd 6: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Fremri Laxá árið 2002.



Mynd 4: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Fremri Laxá sumarið 2002.



Mynd 5: Þyngdardreifing veiddra laxa í Fremri Laxá sumarið 2002 eftir kyni.